



SAMKEPPNISEFTIRLITIÐ

Fimmtudagur, 22. september 2005

Ákvörðun nr. 2/2005

**Erindi Homo Habilis ehf. vegna meintrar misnotkunar
Morgunblaðsins á markaðsráðandi stöðu
á markaði fyrir fasteignaauglýsingar**

I.

Erindið

Samkeppnisstofnun barst erindi frá Guðmundi S. Johnsen stjórnarformanni Homo Habilis ehf. (hér eftir Homo Habilis) með bréfi, dags. 2. október 2003. Homo Habilis hefur rekið fasteignavefinn habil.is frá árinu 1996. Fasteignavefurinn er miðlægur gagnagrunnur á Internetinu fyrir allar helstu fasteignasölur á landinu. Þar er unnt að skoða þær eignir sem eru til sölu hverju sinni hjá viðkomandi fasteignasöllum.

Í erindinu segir að fljótlega eftir stofnun fasteignavefsins hafi forsvarsmenn hans átt fundi með Morgunblaðinu og farið fram á formlegar viðræður um hvort netsvæði mbl.is og habil.is ættu samleið. Á þessum fundum hafi bæði verið rætt um tæknilegar- og viðskiptalegar útfærslur á fasteignavefnum. Morgunblaðið hafi ekki talið rekstrargrundvöll fyrir fasteignavef á netinu með sölu auglýsinga þar sem enginn hefði áhuga á því að auglýsa á netinu. Jafnframt hafi því verið haldið fram að ekki væri hægt að krefja fasteignasölnar um greiðslu fyrir skráningu eigna á vefinn því þær myndu ekki nota hann. Morgunblaðið hafi talið hugmynd Homo Habilis um að setja auglýsingar inn á fasteignavefinn, auk þess að taka þjónustugjöld fyrir hverja eign sem sett væri inn á vefinn, óraunhæfa og ekki þess virði að skoða nánar. Hins vegar hefði blaðið haft áhuga á að skoða þær tæknilegu hugmyndir sem Homo Habilis notaði til þess að koma upp slíkum vef. Það hafi verið álit Morgunblaðsins að eina leiðin til að reka slíkan fasteignavef, sem aukna þjónustu við fasteignasölur, væri að hækka verðið á fasteignaauglýsingum í Fasteignablaði Morgunblaðsins. Engin formleg niðurstaða hafi fengist í viðræðum aðila en fram hafi komið að Morgunblaðið hefði áhuga á að koma sér upp fasteignavef á netinu þar sem það væri leiðandi aðili í dagblaðaauglýsingum fyrir fasteignamarkaðinn.

Þá segir að eftir þessa viðræðulotu hafi verið haldinn einn fundur um tæknileg atriði með Morgunblaðinu. Í janúar 1998 hafi mbl.is opnað sinn eigin fasteignavef. Að mati forsvarsmanna habil.is hafi margt sem þar hafi birst verið kynnt af þeim á fundum með Morgunblaðinu.



Í máli Homo Habilis er greint frá því að fyrirtækið hafi haldið sig við sína viðskiptaáætlun þrátt fyrir þessa auknu samkeppni. Fljótlega eftir opnun fasteignavefsins á mbl.is hafi verið auglýsinga í Fasteignablaði Morgunblaðsins hækkað og að mati Homo Habilis hafi Fasteignablaðið verið látið bera „*stríðskostnaðinn á netinu*“.

Enn fremur segir í erindinu að þessi aðgerð Morgunblaðsins hafi þýtt að ekki hafi lengur verið mögulegt að innheimta þjónustugjöld af fasteignasölum, þar sem í hvert skipti sem minnst hafi verið á slíkt, hafi viðkvæði fasteignasala verið, að ekkert kostaði að birta upplýsingar um fasteignir á fasteignavef mbl.is. Hafi habil.is því einvörðungu þurft að reiða sig á auglýsingatekjur sem væru mjög sveiflukenndar. Síðar hafi Morgunblaðið gengið enn lengra og lækkað verið á auglýsingum á fasteignavef mbl.is til mikilla muna, sem hafi gert samkeppnisstöðu habil.is enn erfiðari en áður.

Homo Habilis segist hafa staðfestar fregnir frá nokkrum fasteignasölum, sem hafi eingöngu auglýst í fasteignablaði Fréttablaðsins, mbl.is og habil.is, að þeir fái ekki lengur birtar eignir til sölu á mbl.is, nema þeir annað hvort auglýsi í Fasteignablaði Morgunblaðsins eða borgi kr. 180.000 fyrir aðgang að mbl.is. Þetta staðfesti, að mati Homo Habilis, að Morgunblaðið noti tekjur af fasteignaauglýsingum í blaðinu til þess að niðurgreiða rekstur fasteignavefsins. Síðan segir að þessi háttur Morgunblaðsins, sem ráðandi aðila í sölu fasteignaauglýsinga, hafi orðið þess valdandi að samkeppni á netinu sé mjög ójöfn. Það að nota dagblaðaauglýsingar Fasteignablaðsins til þess að borga rekstur fasteignavefs mbl.is, sem sé annar miðill, í samkeppni við habil.is og aðra fasteignavefi, sé mjög vafasamt.

Það er krafa Homo Habilis í erindi fyrirtækisins að Morgunblaðið greini á milli annars vegar dagblaðaaútgáfu og hins vegar netrekstrar, þar sem um óskylda starfsemi sé að ræða. Í kröfunni er vísað til 11. gr. samkeppnislaga nr. 8/1993, og ákvörðunar samkeppnisráðs nr. 17/1999 *Erindi Tals hf. um verðlagningu á GSM-þjónustu Landssíma Íslands hf.* og úrskurðar áfrýjunarnefndar samkeppnismála nr. 17 – 18/2003.

II.

Málsmeðferð

1.

Samkeppnisstofnun sendi Homo Habilis bréf, dags. 28. október 2003, þar sem upplýst var að á fundi 29. janúar 2003 hafi samkeppnisráð fjallað um og samþykkt bókun um forgangsröðun verkefna hjá samkeppnisyfirlöndum skv. ákvæði 3. mgr. 5. gr. samkeppnislaga. Í niðurlagi bréfsins kemur fram að Samkeppnisstofnun meti erindi Homo Habilis þannig, að það uppfylli ekki skilyrði til forgangsröðunar samkvæmt bókun samkeppnisráðs. Samkeppnisstofnun telji hins vegar tilefni til að



kanna nánar, hvort það sem kvartað er yfir í erindinu, kunni að varða við ákvæði samkeppnislaga. Með vísan til bókunar samkeppnisráðs geti málsmeðferð stofnunarinnar þó ekki hafist fyrr en eftir 1. desember 2003.

2.

Málsmeðferð var fram haldið með bréfi sem var sent til Morgunblaðsins, dags. 27. apríl 2004, ásamt erindi Homo Habilis og óskað umsagnar.

Samkeppnisstofnun barst umsögn Morgunblaðsins í bréfi frá LEX ehf. Lögmannsstofu, dags. 19. maí 2004. Í umsögninni segir að í kvörtun Homo Habilis séu nokkrar fullyrðingar sem byggðar séu á misskilningi. Rétt sé að leiðrétta strax eitt atriði þótt það hafi ekkert með meint brot á 11. gr. samkeppnislaga að gera. Því sé haldið fram að fasteignavefur Morgunblaðsins, sem opnaður var árið 1998, sé byggður m.a. á tækniupplýsingum frá Homo Habilis, sem veittar voru á fundi eða fundum með Morgunblaðinu á árinu 1996. Hröð þróun í hug- og tæknibúnaði sýni, að tækniupplýsingar frá árinu 1996, hafi verið orðnar úreltar árið 1998. Þessi fullyrðing eigi því ekki við nein rök að styðjast.

Síðan segir að í erindi Homo Habilis sé því haldið fram að annars vegar sé ekkert innheimt fyrir fasteignaauglýsingar á netinu og hins vegar að það sé innheimt fyrir þær og að þau auglýsingagjöld hafi verið lækkuð. Af erindinu megi einnig ráða að Homo Habilis telji, að sú lækkun hafi gert það að verkum, að félaginu hafi verið gert ómögulegt að innheimta þjónustugjöld fyrir fasteignaauglýsingar á netsíðu sinni.

Þá er því mótmælt, sem haldið sé fram í erindi Homo Habilis, að auglýsingaverð Fasteignablaðs Morgunblaðsins hafi verið hækkað í kjölfar þess að Morgunblaðið opnaði fasteignavef á netinu og tekjur af auglýsingum láttnar bera „*stríðskostnað á netinu*“. Einnig er því mótmælt að Morgunblaðið hafi lækkað verð á auglýsingum á fasteignavef mbl.is.

Einnig segir í umsögninni að Homo Habilis fullyrði að Morgunblaðið sé í markaðsráðandi stöðu og misnoti hana, án þess að það sé útskýrt nánar, eða tilraun gerð til að skilgreina markaðinn.

Í umsögn Morgunblaðsins kemur fram, að á árinu 1994, hafi útgáfufélagið Árvakur hf. hafið útgáfu Morgunblaðsins á Netinu og hafi verið fyrst allra dagblaða á Íslandi til að nýta sér þann miðil. Starfsemin á Netinu hafi verið aukin enn frekar þegar Fréttavefur Morgunblaðsins hafi verið opnaður í febrúar 1998 undir heitinu mbl.is. Þessi nýi netmiðill sé öllum opin og byggist á eigin fréttastofu, ásamt því að birta valdar fréttir úr prentmiðlinum. Fréttir birtist á mbl.is jafnóðum og þær séu skrifaðar. Auk fréttapjónustunnar sé að finna á mbl.is margvíslegar upplýsingar um atvinnu, fasteignir, upplýsingavefi, dægurmál o.fl. og sé sífellt verið að bæta við nýjungum. Nokkuð sé um að auglýsingar séu birtar á mbl.is. Þá segir, að um allan heim séu fréttastofur, bæði ljósvakamiðla og prentmiðla, farnar að reka netmiðla. T.d. birtist fréttir úr Fréttablaðinu og DV á fréttavefnum visir.is. Á þessum netmiðlum sé að



finna margvíslegar upplýsingar aðrar en fréttir. Þessir netmiðlar séu hluti af rekstri viðkomandi fjölmiðla og verði ekki aðgreindir frá þeim. Þannig sé rekstur mbl.is órjúfanlegur þáttur í útgáfu Morgunblaðsins og verði ekki aðgreindur frá henni á nokkurn hátt. Útgáfan sé samhangandi og myndi eina heild.

Í umsögninni segir að sú krafa Homo Habilis að Morgunblaðið aðskilji dagblaðaútgáfu sína frá rekstri netmiðilsins sé örökstudd og ekki sé ljóst hvernig sá aðskilnaður eigi að fara fram. Í kröfunni um aðskilnað í rekstri sé af hálfu Homo Habilis vísað til 11. gr. samkeppnislaga nr. 8/1993, og í ákvörðun samkeppnistráðs nr. 17/1999 og úrskurð áfrýjunarnefndar samkeppnismála nr. 17 – 18/2003. Í hvorugu þessara mála sé mælt fyrir um aðskilnað rekstrar vegna þess að fyrirtæki hafi misnotað markaðsráðandi stöðu sína.

Enda þótt fasteignir hafi verið auglýstar til sölu á mbl.is frá árinu 1998 hafi Morgunblaðið haldið áfram að birta sérstakar fasteignaauglýsingar í blaðinu sjálfu. Hin síðari ár hafi komið út sérstakt Fasteignablað og hafi það og fasteignavefurinn að hluta verið rekin sem ein heild. Upphaflega hafi allir sem auglýstu í Fasteignablaðinu fengið að vera með sinn eignalista endurgjaldslaust á fasteignavef mbl.is. Þetta hafi breyst á árinu 2002, á þann hátt að fasteignasalar hafi orðið að auglýsa a.m.k. sem svaraði hálfri blaðsíðu á mánuði í Morgunblaðið til að fá eignir skráðar á fasteignavef mbl.is. Verð fyrir heilsíðu í Fasteignablaðinu á árinu 2002 hafi verið kr. 70 – 100 þúsund. Á árinu 2003 hafi þetta gjald hækkað í sem næmi verði á einni síðu á mánuði, en á vormánuðum 2003 hafi heilsíðuauglýsing í Fasteignablaðinu lækkað í kr. 50 – 70 þúsund. Meðaltalsupplag Morgunblaðsins árið 2003 hafi verið um 53 þúsund eintök að meðaltali í janúar til apríl 2004. Þá sé Fasteignablaðinu dreift í um tíu þúsund aukaeintökum m.a. á fasteignasölu. Síðan segir að samkvæmt upplagskönnun Verslunarráðs sé Fréttablaðinu dreift í 90 – 100 þúsund eintökum.

Í umsögninni segir að engin tilraun sé gerð til þess í erindi Homo Habilis að skilgreina markaðinn, afmarka hann, greina stærð hans eða markaðshlutdeild einstakra aðila. Homo Habilis virðist ganga út frá því að fasteignaauglýsingar á netinu séu sérmarkaður, án þess þó að það sé rökstutt nokkuð frekar.

Morgunblaðið telur að skilgreina eigi fasteignaauglýsingamarkaðinn sem einn markað, án tillits til þess hvernig, hvar eða í hvaða formi auglýsingarnar birtast. Sumar fasteignasölur auglýsi fasteignir til sölu í glugga á skrifstofum sínum. Flestar, ef ekki allar fasteignasölur, séu með eigin heimasíðu, þar sem upplýsingar um eignir á söluskra viðkomandi fasteignasölu sé að finna. Tvö sérstök fasteignablöð séu gefin út hér á landi. Annars vegar Fasteignablað Morgunblaðsins og hins vegar fasteignablað Fréttablaðsins. Fasteignaauglýsingar birtist einnig í Morgunblaðinu sjálfu og Fréttablaðinu og í ýmsum héraðsfréttablöðum. Þá séu fasteignasöluvefir á netinu, mbl.is og habil.is, og jafnvel auglýsi fasteignasölur í sjónvarpi. Morgunblaðið telur að markaðurinn í þessu máli sé öll framangreind form fasteignaauglýsinga. Einnig kemur fram í umsögninni að Morgunblaðið telji landfræðilega markaðinn vera landið allt, sökum þess að fasteignir um allt land, séu auglýstar í öllum framangreindum miðlum.



Í umsögn Morgunblaðsins segir að engin úttekt hafi farið fram á stærð markaðarins. Benda megi á að Fasteignablað Morgunblaðsins sé yfirleitt um 40-44 blaðsíður að stærð en fasteignablað Fréttablaðsins 24-32 blaðsíður. Fasteignablaði Fréttablaðsins sé hins vegar dreift í 25 til 35 þúsund fleiri eintökum en Fasteignablaði Morgunblaðsins. Þá er í umsögninni gerð grein fyrir tekjum Morgunblaðsins af fasteignaauglýsingum á árin 2003.

Þá segir að mikil og hörð samkeppni sé á fasteignaauglýsingamarkaðnum. Nægi í því sambandi að benda á lækkandi tekjur blaðsins milli ára. Í byrjun árs 2003 hafi Fréttablaðið gert fasteignasölum tilboð í fasteignaauglýsingar sem hafi falist í mjög lágu verði, eða kr. 30-40 þúsund fyrir heilsíðuna og sama dálksentimetraverð fyrir auglýsingu í sjálfu Fréttablaðinu. Þetta verð hafi haldist að mestu óbreytt síðan þá. Á sama tíma hafi heilsíðuauglýsing í Fasteignablaði Morgunblaðsins kostað kr. 70-100 þúsund en lækkað um svipað leyti í kr. 50-70 þúsund. Meðalverð hafi orðið kr. 65 þúsund. Þessi lækkun hafi ekki dugað til í samkeppninni og Morgunblaðið séð sig tilknúð í ágúst 2003, að lækka verðið enn frekar og þá í kr. 54 þúsund heilsíðuna (meðalverð). Þessar lækkanir hafi verið afleiðingar af eðlilegri samkeppni á markaðnum og á engan hátt tengst starfsemi Homo Habilis. Þessar lækkanir hafi verið á viðskiptalegum forsendum og fælu ekki í sér undirboð. Þær hafi verið viðbrögð við harðnandi samkeppni við Fasteignablað Fréttablaðsins. Lækkunin hafi skilað sér fyrst til fasteignasalanna, og síðan í lægra auglýsingaverði, sem seljendur fasteigna, þurfi að greiða fasteignasölum fyrir auglýsingar á eignum sínum. Allir kaupendur fasteignaauglýsinga hjá Morgunblaðinu hafi notið þessara verðlækkana.

Að lokum segir að þar sem ekki hafi farið fram úttekt á stærð markaðarins fyrir fasteignaauglýsingar, eða hver hafi verið markaðshlutdeild hvers og eins, sé ekki ljóst hvort Morgunblaðið hafi haft markaðsráðandi stöðu á markaðnum. Að minnsta kosti sé Fasteignablaði Fréttablaðsins dreift í miklu fleiri eintökum en Fasteignablaði Morgunblaðsins. Verði það upplýst í athugun Samkeppnisstofnunar á málinu, að Morgunblaðið hafi haft markaðsráðandi stöðu, þá hafi blaðið ekki misnotað markaðsráðandi stöðu sína. Þá megi ekki gleyma því, að engar aðgangstakmarkanir séu að markaðnum, og hafa verði í huga að markaðsráðandi staða sé ekki bönnuð heldur einvörðungu misnotkun slíkrar stöðu, sbr. 11. gr. samkeppnislaga.

Með vísan til ofanritaðs sé því alfarið hafnað að Morgunblaðið hafi misnotað markaðsráðandi stöðu sína á fasteignaauglýsingamarkaðnum á Netinu, sé blaðið yfir höfuð í markaðsráðandi stöðu á þeim markaði.

3.

Umsögn Morgunblaðsins var send Homo Habilis til athugasemda með bréfi, dags. 25. maí 2004.

Athugasemdir fyrirtækisins bárust með bréfi, dags. 30. júní 2004. Í bréfinu eru gerðar athugasemdir í átta liðum. Í fyrsta lagi segir að þó að í ákvörðun



samkeppnisráðs nr. 17/1999 sé ekki farið fram á að skilið verði á milli rekstrar GSM og landlínurekstrar þá sé Landssímanum gert að greina á milli þessara starfsemi og sýna fram á það í ársreikningi fyrirtækisins. Það sé hið sama og Homo Habilis telji eðlilegt hvað varðar rekstur fasteignavefs mbl.is.

Í öðru lagi segir að erfitt sé að sjá að tækniupplýsingar, sem fram hafi komið á fundum aðila, hafi úrelst á rúmu ári, þegar saga Internetsins sé skoðuð og sú tækni sem þar sé notuð.

Í þriðja lagi segir, að megin tekjustofn Homo Habils hafi verið af auglýsingaborðum fyrir fasteignatengt efni, þar sem byggt hafi verið á umferð notenda um vefinn, og að mbl.is hafi lækkað þessa tegund auglýsinga umtalsvert frá árinu 2001. Einnig er sagt, að mörg dæmi séu um, að Morgunblaðið noti netauglýsingar sem uppfyllingu í dagblaðaauglýsingapakka til að auðvelda söluna.

Í fjórða lagi kveðst Homo Habilis hafa orð þó nokkurra fastaeignasala fyrir því, að Morgunblaðið hafi hækkað verð fasteignaauglýsinga í fasteignablaði sínu, þegar fasteignavefur þess hafi verið tekinn í notkun. Er talið eðlilegt að Morgunblaðið sýni fram á annað ef þetta sé ekki rétt.

Í fimmta lagi heldur Homo Habilis því fram að Morgunblaðið hafi verið nær eini aðilinn frá árinu 1913, sem birt hafi fasteignaauglýsingar, og ætti það að gefa töluvert forskot. Enda sé það staðfest í reglulegum könnunum Gallup að Morgunblaðið hafi yfirburði á fasteignaauglýsingamarkaði. Öllum sé það ljóst að þessi staða sé misnotuð, þegar kemur að því að tvinnna saman þjónustu á neti og auglýsingu í blaði. Síðan er sagt að Morgunblaðið bjóði þannig upp á fríar eða ódýrar birtingar á vefnum, gegn því að auglýsa í blaðinu.

Í sjötta lagi er því hafnað að netið sé óaðskiljanlegur partur af rekstri Morgunblaðsins. Það sé ófrávikjanleg staðreynd að rekstur vefsvæða krefjist annarar tækniþekkingar og annars miðils (Internetið) en rekstur dagblaðs og geri það eitt og sér netið að sérstökum markaði, líkt og sömu þættir geri útvarp og sjónvarp að sérstökum markaði. Tilvist www.habil.is frá 1996 og annarra svipaðra vefsvæða hafi sýnt fram á það, að rekstur vefsetra geti gengið án þess að vera óaðskiljanlegur hluti af dagblaði og verði því að líta á það sem sérstakan markað. Sé það eitt og sér næg sönnun þess, að til sé sérstakur netmarkaður, sem um gildi sérstök lögmál, líkt og geri hjá ljósvakamiðlum.

Í sjöunda lagi segir, að það að fasteignasölur verði að kaupa minnst hálfa auglýsingasíðu á mánuði til þess að tengjast fasteignavef mbl.is, þýði ekki að þær séu að borga sig inn á vefinn, heldur séu þær að fá vefinn ókeypis gegn umræddum kaupum á auglýsingum í Fasteignablaði Morgunblaðsins. Að öðrum kosti muni Morgunblaðið innheimta 35-50 þúsund kr. á mánuði fyrir vefbirtingu.



Í áttunda lagi er tekið undir það, að samkeppni á fasteignaauglýsingamarkaði hafi fyrst komið til, eftir að Fréttablaðið byrjaði að gefa út fasteignablað. Það skipti rekstur á netinu engu máli, þó að Morgunblaðið selji fasteignasölum dagblaðaauglýsingar, svo fremi sem þær séu ekki notaðar til að greiða niður samkeppni á netinu. Þá segir að það renni stoðum undir röksemdafærslu Homo Habilis, að um sé að ræða sérmarkað, þar sem viðurkennt sé að fasteignavefur mbl.is hafi sértekjur af þjónustu sinni.

Að lokum kemur fram að krafa Homo Habilis sé sú, að fá að keppa á samkeppnismarkaði, þar sem sömu leikreglur gildi í samskiptum aðila á markaði. Morgunblaðið hafi stóra markaðshlutdeild á dagblaða- og netmarkaði á Íslandi, þar sem allar líkur séu til, að Morgunblaðið niðurgreiði kostnað við netútgáfu fasteignavefs mbl.is, með tekjum af útgáfu dagblaðs eða sölu fasteignaauglýsinga, þ.e. tekjum af öðrum markaði. Til að jafnræðis sé gætt, þá sé það sanngjörn krafa, að Morgunblaðið greini milli dagblaðaútgáfu sinnar og rekstrar fasteignavefs á mbl.is, þar sem um óskylda starfsemi er að ræða.

4.

Umsögn Homo Habilis var send Morgunblaðinu til athugasemda með bréfi, dags. 5. júlí 2004.

Athugasemdir Morgunblaðsins bárust með bréfi, dags. 13. júlí 2004. Þar segir að ekki sé ljóst af umsögn Homo Habilis að hverju kvörtun fyrirtækisins beinist. Upphafleg kvörtun hafi virst beinast að sölu fasteignaauglýsinga á netinu, en af umsögninni frá 30. júní megi ráða að kvörtunin beinist að sölu á öðrum auglýsingum en fasteignaauglýsingum á fasteignavef mbl.is.

Eins og fram komi í fyrri umsögn Morgunblaðsins sé mjög erfitt að sundurliða nákvæmlega, hvaða tekjur fasteignavefur mbl.is hafi af auglýsingum, þar sem flestir kaupir auglýsingar á fleiri en einn vef í einu. Þá segir að í umsögn Homo Habilis sé að finna nokkrar fullyrðingar, sem byggi á sögusögnum og óskilgreindum dæmum, sem engin tilraun sé gerð til að sanna.

Hvað varðar meinta markaðsráðandi stöðu Morgunblaðsins er ítrekað, að ekki sé hægt að skilgreina marðaðinn fyrir fasteignaauglýsingar jafnþröngt og Homo Habilis geri. Fréttablaðinu sé dreift frítt í talsvert stærra upplagi en Morgunblaðinu og blaðið sé auk þess birt í heild sinni ásamt fasteignablaði þess á visir.is. Þá séu engar aðgangstakmarkanir að opnun fasteignavefs á netinu enda hafi nýlega verið opnaður fasteignamarkaður á netinu, hus.is, sem sé sameiginlegur markaður fimm fasteignasala, og sé tenging inn á hann frá visir.is. Á honum séu birtar auglýsingar frá öðrum en fasteignasölunum fimm. Samkeppnin sé því lifandi og virk.

5.

Samkeppnisstofnun sendi Homo Habilis bréf, dags. 14. febrúar 2005, þar sem fram kom, að sökum mikils málafjölda hjá stofnuninni, væru fyrirsjáanlegar tafir á



afgreiðslu erindisins en gert væri ráð fyrir að erindið verði tekið fyrir innan fjögurra mánaða.

6.

Þann 17. maí 2005 sendi Samkeppnisstofnun bréf til Morgunblaðsins, Homo Habilis og 365 Prentmiðla og óskaði eftir upplýsingum um tekjur félaganna af fasteignaauglýsingum í prentmiðlum þeirra og á fasteignavefjum þeirra á árinu 2004 og á fyrstu þremur mánuðum ársins 2005.

Svar barst frá Morgunblaðinu, dags. 24. maí 2005, frá Homo Habilis kom svar, dags. 2. júní 2005, og frá 365 Prentmiðlum kom svar, dags. 3. júní 2005.

7.

Umsögn Morgunblaðsins frá 13. júlí 2004 var send Homo Habilis með bréfi, dags. 9. júní 2005, þar sem óskað var eftir athugasemdum, ef einhverjar væru. Í bréfi frá Homo Habilis, dags. 20. júní 2005, voru fyrri kröfur ítrekaðar. Það bréf var síðan sent Morgunblaðinu til athugasemda með bréfi, dags. 22. júní 2005.

8.

Samkeppnisstofnun barst bréf frá Morgunblaðinu, dags. 28. júní 2005, þar sem vísað er til fyrri athugasemda og áréttað, að Morgunblaðið hafi ekki misnotað markaðsráðandi stöðu ef niðurstaðan væri sú að blaðið væri í markaðsráðandi stöðu.

Með bréfi, dags. 5. júlí 2005, var málsaðilum sendur listi yfir gögn málsins.

III.

Niðurstöður

Þann 1. júlí 2005 tóku gildi ný samkeppnislög nr. 44/2005. Með lögnum voru samkeppnisráð og Samkeppnisstofnun lögð niður en við hlutverki þeirra tók ný stofnun, Samkeppniseftirlitið. Í máli þessu reynir á 11. gr. samkeppnislaga. Rétt er að taka fram að 11. gr. laga nr. 8/1993 og 11. gr. laga nr. 44/2005 eru samhljóða.

1.

Sjónarmið aðila

Af hálfu Homo Habilis er vísað til þess að Morgunblaðið hafi stóra markaðshlutdeild á dagblaða- og netmarkaði á Íslandi. Allar líkur séu til að Morgunblaðið niðurgreiði kostnað við netútgáfu fasteignavefs síns á mbl.is, með tekjum af útgáfu dagblaðs eða sölu fasteignaauglýsinga, þ.e. tekjum af öðrum markaði. Til að jafnræðis sé gætt, er það krafa Homo Habilis, að Morgunblaðið greini milli dagblaðaútgáfu sinnar, prentmiðilsins, og netútgáfu á mbl.is, þar sem um óskylda starfsemi sé að ræða. Vísar fyrirtækið í því sambandi m.a. til 11. gr. samkeppnislaga.



Af hálfu Morgunblaðsins er því haldið fram að fyrirtækið sé ekki í markaðsráðandi stöðu. Bent er á að rekstur mbl.is sé órjúfanlegur þáttur í útgáfu Morgunblaðsins, og verði ekki aðgreindur frá henni á nokkurn hátt. Útgáfan sé samhangandi og myndi eina heild. Kröfu Homo Habilis um að Morgunblaðið aðskilji dagblaðaútgáfu sína frá rekstri netmiðilsins er mótmælt. Því er haldið fram að krafan sé ekki nægilega rökstudd, og alls ekki ljóst hvernig sá aðskilnaður eigi að fara fram. Í kröfunni um aðskilnað í rekstri, sé vísað til 11. gr. samkeppnislaga nr. 8/1993 og eldri úrlausna samkeppnisyfirvalda. Bendir Morgunblaðið á að í engu þessara mála sé mælt fyrir um aðskilnað rekstrar vegna þess að fyrirtæki hefði misnotað markaðsráðandi stöðu sína.

2.

Markaðurinn

Samkvæmt 11. gr. samkeppnislaga er misnotkun eins eða fleiri fyrirtækja á markaðsráðandi stöðu bönnuð. Til þess að fyrirtæki geti verið brotlegt við 11. gr. samkeppnislaga verður það að vera markaðsráðandi. Í því skyni að meta hvort fyrirtæki er markaðsráðandi þarf að skilgreina viðkomandi markað og kanna stöðu einstakra fyrirtækja á honum. Samkvæmt 4. gr. laganna er markaður sölusvæði vöru og staðgengdarvöru og/eða sölusvæði þjónustu og staðgengdarþjónustu. Hagfræðileg rök leiða því til þess að skoða verður viðkomandi markað út frá a.m.k. tveimur sjónarhornum, annars vegar vöru- eða þjónustumarkaðnum og hins vegar landfræðilega markaðnum.

Með viðkomandi vöru- eða þjónustumarkaði er átt við markað fyrir allar vörur og þjónustu sem neytendur líta á sem staðgönguvörur eða staðgöngupjónustu vegna eiginleika, verðs og áformaðrar notkunar, sbr. 4. gr. samkeppnislaga. Staðgönguvara eða -þjónusta er vara eða þjónusta sem að fullu eða verulegu leyti getur komið í stað annarrar vöru eða þjónustu.

Til landfræðilegs markaðar telst það svæði þar sem hlutaðeigandi fyrirtæki eru viðriðin framboð og eftirspurn eftir viðkomandi vöru eða þjónustu, þar sem samkeppnisskilyrði eru nægilega lík og sem unnt er að greina frá nærliggjandi svæðum, einkum vegna þess að samkeppnisskilyrði eru greinilega frábrugðin á þeim svæðum.

2.1. Þjónustumarkaðurinn

Homo Habilis telur að markaðurinn í þessu máli sé rekstur fasteignavefja á netinu. Er það mat byggt á því að hægt sé að reka fasteignavef án þess að vera óaðskiljanlegur hluti af dagblaði. Það sanni tilvist t.d. habil.is og annarra svipaðra vefsvæða. Ennfremur sé það viðurkennt, af hálfu Morgunblaðsins, að fasteignavefur mbl.is hafi sértekjur af auglýsingum og renni það stöðum undir röksemdafærsluna að rekstur fasteignavefja sé sérmarkaður.

Morgunblaðið telur að markaðurinn í máli þessu sé fasteignaauglýsingar og að skilgreina eigi hann sem einn markað, án tillits til þess hvernig, hvar eða í hvaða formi auglýsingar birtast. Sumar fasteignasölur auglýsi fasteignir til sölu í glugga á



skrifstofum sínum. Tvö sérstök fasteignablöð séu gefin út hér á landi, annars vegar Fasteignablað Morgunblaðsins og hins vegar fasteignablað Fréttablaðsins. Fasteignaauglýsingar birtist einnig í sjálfu Morgunblaðinu og Fréttablaðinu og í ýmsum héraðsfréttablöðum. Þá séu fasteignasöluvefir á netinu, mbl.is og habilis.is, og jafnvel auglýsi fasteignasölur í sjónvarpi. Morgunblaðið telur að markaðurinn sé öll framangreind form fasteignaauglýsinga.

2.1.1. Markaðurinn fyrir rekstur fasteignavefja

Samkeppniseftirlitið bendir hér fyrst á að það mál sem er hér til skoðunar lýtur að rekstri fasteignavefja á netinu og birtingu fasteignaauglýsinga. Á Íslandi eru nánast allar fasteignir sem fara í sölu seldar í gegnum fasteignasölur og á það sérstaklega við um íbúðarhúsnæði. Hjá fasteignasölum er framboðið húsnæði skráð og geta væntanlegir kaupendur aflað sér upplýsinga, hjá hverri og einni fasteignasölu, um hvað er í boði á hverjum tíma. Til þess að auðvelda kaupendum leitina hefur hver fasteignasala fyrir sig gert þessar skrár aðgengilegar á netinu. Önnur og mikið notuð leið fyrir fasteignasölur er að auglýsa framboðnar fasteignir í fjölmiðlum og þá aðallega í prentmiðlum. Vænlegasti vettvangur þar, vegna mikillar útbreiðslu, er dagblöðin.

Í því umhverfi sem að framan er lýst hafa verið opnaðir heildstæðir fasteignavefir á netinu, þar sem kaupendur geta á einum stað skoðað framboð á fasteignum, og leitað samkvæmt þörfum og kröfum hvers og eins. Þessir fasteignavefir tengja saman fasteignaskrár flestra eða allra fasteignasala, sem hafa eignir til sölu skráðar á sínu netsvæði. Rekstrarform þessara fasteignavefja er mismunandi. Í fyrsta lagi er um að ræða sérgreindan og afmarkaðan fasteignavef habilis.is. Í öðru lagi er um að ræða fasteignavef, sem er hluti af vefmiðli mbl.is, sem aftur er hluti af prentmiðli, í þessu tilvikum Morgunblaðinu. Í þriðja lagi er um að ræða fasteignavef, sem er hluti af vefmiðli visir.is, sem er hluti af fjölmiðlasamstæðu, í þessu tilviki 365 ehf. Í fjórða lagi er um að ræða nokkurs konar fasteignamarkað, sem er takmarkaðri, en þar sameinast nokkrar fasteignasölur um rekstur fasteignavefs, dæmi hus.is.

Fasteignavefur er ákveðið form birtingar á fasteignaauglýsingum, þar sem ekkert annað er hægt að gera en skoða auglýstar fasteignir til sölu undir mismunandi leitarskilyrðum. Í þessu máli er því til skoðunar hvort rekstur fasteignavefs, sem er í raun víðtækur gagnagrunnur og gagnvirk auglýsing á fasteignum til sölu, sé sérstakur markaður og aðskilinn frá rekstri þar sem fasteignir eru auglýstar til sölu í öðru birtingarformi. Virkni þessara fasteignavefja er mjög áþekkt. Hægt er að skilyrða leitina við staðsetningu, tegund húsnæðis, íbúðarform, stærð, fjölda herbergja og verð. Þessir leitarmöguleikar í sjálfri auglýsingunni gerir þetta form mjög sérstakt í samanburði við auglýsingar sem birtar eru með öðrum hætti. Annað sem er sérstakt, og skilur þennan auglýsingamiðil greinilega frá t.d. prentmiðlum er að með auðveldum hætti er unnt að hafa á vefnum fjölda mynda af fasteigninni, bæði utan og innan dyra. Auk þess tengja þessir vefir saman söluskrár flestra eða allra fasteignasala, þannig að kaupandi þarf ekki að fara inn á mörg vefsvæði eða lesa í gegnum ótilgreindan fjölda blaðsíðna í prentmiðli, til þess að skoða framboðið



húsnæði til sölu, með tilliti til þarfa sinna. Annað sem er sameiginlegt fasteignavefjunum er að inn á þá eru seldar auglýsingar frá ýmsum sölu- og þjónustufyrirtækjum. Að öllu þessi virtu er það niðurstaða Samkeppniseftirlitsins að rekstur fasteignavefja á netinu, eins og honum hefur verið lýst hér að framan, sé sérstakur markaður í skilningi samkeppnislaga. Í því sambandi má hafa í huga til samanburðar að í erlendum samkeppnisrétti hefur komið fram það mat að netútgáfa dagblaða sé ekki á sama markaði og prentuð dagblöð.¹

2.1.2. Markaðurinn fyrir fasteignaauglýsingar í prentmiðlum

Hér ber fyrst að líta til þess að af þremur stærstu og fjölsóttustu fasteignavefjum á Íslandi er einn hluti af prentmiðli og annar hluti af fjölmiðlasamstæðu. Fasteignavefur mbl.is er hluti af Morgunblaðinu sem er í eigu Árvakurs hf. og fasteignavefur á visir.is er hluti af fjölmiðlasamstæðu 365 ehf. ásamt meðal annars Fréttablaðinu og DV. Verður í málinu að taka til athugunar hvort fasteignaauglýsingar í prentmiðlum tilheyri sérstökum markaði.

Morgunblaðið heldur því fram að fasteignaauglýsingar í sjónvarpi tilheyri sama markaðnum og fasteignaauglýsingar í prentmiðlum. Að mati Samkeppniseftirlitsins er rétt að hafa í huga að framkvæmdastjórn EB hefur staðfastlega komist að þeirri niðurstöðu að auglýsingar í annars vegar prentmiðlum og hins vegar ljósvakamiðlum tilheyri ekki sama markaði.² Er í því sambandi m.a. vísað til mismunandi eðlis þessara tegunda auglýsinga og ólíkrar verðlagningar þeirra. Samkeppniseftirlitið telur að samskonar sjónarmið eigi við hér á landi og fasteignaauglýsingar í sjónvarpi tilheyri ekki sama markaði og fasteignaauglýsingar í prentmiðlum, sbr. og ákvörðun samkeppnisráðs nr. 19/2004. Einnig má benda á að dönsk samkeppnisyfirvöld hafa komist að þeirri niðurstöðu að fasteignaauglýsingar í dagblöðum sé sérstakur markaður og aðgreindur frá auglýsingum í öðrum miðlum svo sem á Internetinu.³

Eins og að framan er nefnt er það ein af virkustu leiðum fyrir fasteignasölu, við auglýsingu fasteigna til sölu, að birta þær í prentmiðlum og þá sérstaklega dagblöðum. Þessar auglýsingar eru svo víðtækar að auk reglulegra fasteignaauglýsinga í sjálfum blöðunum, þ.e. Morgunblaðinu og Fréttablaðinu, þá gefa þessi tvö blöð út vikulega sérstakt fasteignablað, þar sem helstu fasteignasölu landsins birta auglýsingar um fasteignir til sölu. Fasteignablað Morgunblaðsins er venjulega 40 - 44 blaðsíður og fasteignablað Fréttablaðsins 24 – 32 blaðsíður og er þeim dreift, í jafn stóru eða stærra upplagi en dagblöðunum sjálfum. Vegna þessara fasteignablaða gefst fasteignakaupendum kostur á því að skoða á einum stað hvað er í boði og þurfa þeir ekki að safna þessum upplýsingum saman frá einstaka fasteignasölu. Ljóst er að Morgunblaðið er selt í áskrift og lausasölu en Fréttablaðinu er dreift ókeypis. Líta verður svo á að út frá sjónarhóli auglýsenda

¹ Sjá hér umfjöllun breskra samkeppnisyfirvalda: Office of Fair Trade *Review of Undertakings Given by Newspaper Wholesalers*, janúar 2002.

² Sjá t.d. ákvörðun framkvæmdastjórnar EB frá 3. ágúst 1999 í máli nr. IV/M.1574 *Kirch/Mediaset*.

³ Sbr. ákvörðun danska samkeppnisráðsins frá 21.06.200 í máli *EjendomsAvisens annonceaftaler*.



teljist fasteignaauglýsingar í báðum þessum tegundum dagblaða til sama markaðarins.⁴

Að framangreindu virtu er það því mat Samkeppniseftirlitsins að fasteignaauglýsingar í prentmiðlum sé sérstakur markaður.

2.2. Landfræðilegi markaðurinn

Homo Habilis gerir ekki tilraun til þess að skilgreina landfræðilegan markað málsins. Morgunblaðið telur landfræðilega markaðinn vera landið allt, sökum þess að fasteignir um allt land séu auglýstar í umræddum miðlum.

Samkeppniseftirlitið getur fallist á skilgreiningu Morgunblaðsins og telur að landfræðilegur markaður þessa máls sé landið allt.

3.

Staða fyrirtækja á markaðnum

Homo Habilis hefur í máli þessu vísað til þess að um brot Morgunblaðsins gegn 11. gr. samkeppnislaga sé að ræða, þ.e. misnotkun á markaðsráðandi stöðu. Í því felst ásökun um að Morgunblaðið misnoti meinta markaðsráðandi stöðu sína í fasteignaauglýsingum í dagblaði og niðurgreiði með henni rekstur fasteignavefs á mbl.is.

Fyrirtæki telst vera markaðsráðandi þegar það hefur þann efnahagslega styrkleika að geta hindrað virka samkeppni á þeim markaði sem máli skiptir og það getur að verulegu leyti starfað án þess að taka tillit til keppinauta, viðskiptavina og neytenda, sbr. 4. gr. samkeppnislaga nr. 44/2005. Við mat á því hvort fyrirtæki telst markaðsráðandi skiptir markaðshlutdeild þess að öllu jöfnu verulegu máli svo og staða keppinauta. Þannig er í samkeppnisrétti almennt litið svo á að löglíkur eru taldar fyrir því að fyrirtæki með 50% markaðshlutdeild sé með markaðsráðandi stöðu nema fyrir hendi séu aðstæður sem bendi til annars. Aðrir þættir skipta þó einnig máli við mat á markaðsráðandi stöðu, s.s. fjárhagslegur styrkur fyrirtækja, stærð þeirra, tækniþekking og hegðun fyrirtækis. Einnig er t.d. litið til þess hvernig þróunin hefur verið á umræddum markaði yfir ákveðið tímabil.

Eins og hér að framan er rakið, er það mat Samkeppniseftirlitsins, að hér sé um tvo aðskilda markaði að ræða. Annars vegar er um að ræða markað fyrir fasteignaauglýsingar í dagblöðum og hins vegar markað fyrir rekstur fasteignavefja á netinu. Vegna þess að kvörtun Homo Habilis beinist að meintu broti Morgunblaðsins á markaðsráðandi stöðu á fyrrnefnda markaðnum er nauðsynlegt að meta stærð

⁴ Sjá hér t.d. ákvörðun bresku samkeppnisstofnunarinnar frá 16. september 2002 í máli nr. CE/1217-02 *Aberdeen Journals Limited*. Í þessu máli var m.a. komist að þeirri niðurstöðu að auglýsingar í „ókeypis“ dagblöðum og dagblöðum sem seld eru falli undir sama markað.



Þess markaðar er tekur til fasteignaauglýsinga í prentmiðlum og finna markaðshlutdeild einstakra aðila á honum.

Í þeim tilgangi að meta stöðu fyrirtækja á þessum markaði þá öfluðu samkeppnisyfirvöld upplýsinga um tekjur vegna fasteignaauglýsingar í dagblöðum á Íslandi. Þann 17. maí 2005 voru send bréf til Morgunblaðsins og 365 Prentmiðla og óskað eftir upplýsingum um tekjur félaganna af fasteignaauglýsingum í dagblöðum þeirra á árinu 2004 og á fyrstu þremur mánuðum ársins 2005. Aflað var sérstaklega upplýsinga frá 365 Prentmiðlum um tekjur þeirra dagblaða af fasteignaauglýsingum árið 2003.

Samkvæmt upplýsingum frá þessum aðilum voru eingöngu birtar dagblaðaauglýsingar um fasteignir í Morgunblaðinu og Fréttablaðinu. Á árunum 2003, 2004 og fyrir tímabilið janúar – mars 2005 voru tekjur af birtingu þeirra eftirfarandi:

Tafla 1. Tekjur af fasteignaauglýsingum í dagblöðum 2003, 2004 og jan.- mars 2005.⁵

Í þús. kr.	Árið 2003	%	Árið 2004	%	jan.-mars 2005	%
Morgunblaðið	[...]	[...]	[...]	[...]	[...]	[...]
Fréttablaðið	[...]	[...]	[...]	[...]	[...]	[...]

Þegar litið er til þeirra upplýsinga sem aflað var, er ljóst að hlutdeild Morgunblaðsins á markaði fyrir fasteignaauglýsingar í prentmiðlum hefur minnkað umtalsvert og hlutdeild Fréttablaðsins hefur að sama skapi aukist.

Þar sem eingöngu tvö dagblöð á Íslandi birtu fasteignaauglýsingar að einhverju marki á þeim tíma sem skoðaður hefur verið er í raun um tvíkeppni (e. duopoly) að ræða á þessum markaði. Við mat á því hvort fyrirtæki telst markaðsráðandi skiptir markaðshlutdeild þess að öllu jöfnu verulegu máli eins og áður segir svo og staða keppinauta. Erindi Homo Habilis til samkeppnisyfirvalda barst í október 2003 en það ár var markaðshlutdeild Morgunblaðsins á markaði fyrir fasteignaauglýsingar í dagblöðum um [...].⁶ Þar sem breyting hefur verið síðustu þrjú árin á fjölmiðlamarkaði hér á landi telur Samkeppniseftirlitið að óhjákvæmilegt sé að greina þá breytingu og til hvers hún hefur leitt og þá sérstaklega í dagblaðaútgáfu.

Eins og fram kemur í *töflu 1* hefur mikil breyting orðið á hlutdeild dagblaðanna í tekjum af fasteignaauglýsingum. Hlutdeild Morgunblaðsins hefur lækkað úr [...]% í [...]% en hlutdeild Fréttablaðsins hefur hækkað úr [...]% í [...]% frá árinu 2003 til fyrsta ársfjórðungs 2005.⁷ Samkvæmt þessu eru yfirburðir Morgunblaðsins enn nokkrir en verulega hefur dregið saman með dagblöðunum. Morgunblaðinu hefur

⁵ Fellt út vegna trúnaðar.

⁶ Fellt út vegna trúnaðar.

⁷ Fellt út vegna trúnaðar.



ekki tekist að viðhalda, hvað þá styrkja, stöðu sína á þessum skilgreinda markaði á umræddu tímabili.

Helsta skýringin á þessari þróun, er að mati Samkeppniseftirlitsins sú, að Fréttablaðið hefur aukið og styrkt útgáfustarfsemi sína, sem aðallega má rekja til nýs eiganda, Fréttar ehf., sem kom að útgáfunni um mitt ár 2002, og er í dag hluti af samstæðunni 365 ehf. Til þess að greina betur stöðu þessara tveggja dagblaða var aflað upplýsinga um daglega dreifingu blaðanna. Samkvæmt upplýsingum frá upplagseftirliti Verslunarráðs var Morgunblaðinu dreift í um 52 þúsund eintökum að meðaltali daglega á árunum 2003 og 2004 en auk þess hefur Fasteignablaði Morgunblaðsins verið dreift í um 10 þúsund eintökum aukalega. Fréttablaðinu var hins vegar dreift í um 94 þúsund eintökum að meðaltali daglega árið 2003 og í um 99 þúsund eintökum árið 2004. Samkvæmt þessu er hlutur Fréttablaðsins umtalsvert meiri hvað varðar dreifingu en Morgunblaðsins, þ.e. um 60% markaðshlutdeild þegar gert hefur verið ráð fyrir dreifðum aukaeintökum Fasteignablaðs Morgunblaðsins.⁸ Nánari staðfesting á styrkri stöðu Fréttablaðsins fæst úr reglulegri skoðannakönnunum IMG Gallup en þar kemur fram að meðalbestur Morgunblaðsins sé um 50% en Fréttablaðsins tæplega 70% meðal Íslendinga á aldrinum 12 – 80 ára.

Það kemur fram í gögnum málsins að vegna harðrar samkeppni frá Fréttablaðinu hafi Morgunblaðið þurft að lækka verð á heilsíðuauglýsingu í Fasteignablaði sínu um allt að 50% frá árinu 2003. Það er ljóst að Fréttablaðið hefur styrkt stöðu sína verulega og staðreynt er að því er dreift í umtalsvert stærra upplagi en Morgunblaðinu. Morgunblaðið hefur þurft að taka tillit til þessa í auglýsingastefnu sinni, meðal annars í verðlagningu.

Þriðja atriðið sem Samkeppniseftirlitið telur rétt að taka tillit til er efnahagslegur styrkur þeirra sem standa að þessum fjölmiðlum. Fréttablaðið er hluti af efnahagslega öflugri fjölmiðlasamstæðu ásamt Stöð 2, Sýn, Bylgjunni, Talstöðinni, DV og visir.is.

Afleiðingar af breyttum aðstæðum á fjölmiðlamarkaði hér á landi, sem rekja má til ársins 2002, hafa verið að koma fram, allt fram á þetta ár. Morgunblaðinu hefur ekki tekist að viðhalda markaðshlutdeild sinni hvað þá að styrkja hana á þessu tímabili. Að öllu þessu virtu, þá er það mat Samkeppniseftirlitsins að Morgunblaðið sé ekki með ráðandi stöðu á markaði fyrir fasteignaauglýsingar í dagblöðum.

Forsendur erindis Homo Habilis sem hér er til umfjöllunar eru þær að Morgunblaðið sé markaðsráðandi á markaði fyrir fasteignaauglýsingar í dagblöðum. Það er mat fyrirtækisins að Morgunblaðið hafi notað hina meintu markaðsráðandi stöðu sína til að greiða kostnað af rekstri fasteignavefs mbl.is og þar með brotið 11. gr. samkeppnislaga. Þar sem Samkeppniseftirlitið kemst að þeirri niðurstöðu að Morgunblaðið sé ekki í markaðsráðandi stöðu á markaðnum fyrir

⁸ Samkvæmt upplýsingum á heimasíðu Verslunarráðs Íslands.



fasteignaauglýsingar í dagblöðum getur ekki verið í skilningi samkeppnislaga verið um brot á 11. gr. að ræða. Forsendur fyrir íhlutun Samkeppniseftirlitsins eru því ekki fyrir hendi. Verður því ekki hafst frekar að í máli þessu.

V.

Ákvörðunarorð:

„Ekki er ástæða til þess af hálfu Samkeppniseftirlitsins að hafast frekar að í máli þessu.“

Samkeppniseftirlitið

Páll Gunnar Pálsson